



Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefnd Blönduós bæjar - 21. fundur  
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 8. júní 2016  
og hófst kl. 17:00

**Fundinn sátu:**

Valgarður Hilmarsson, formaður  
Brynja Birgisdóttir, aðalmaður  
Jakob Jónsson, aðalmaður  
Guðmundur Sigurjónsson, aðalmaður  
Oddný María Gunnarsdóttir, varamaður  
Bjarni Þór Einarsson, byggingafulltrúi  
Ágúst Þór Bragason, yfirmaður tæknideildar  
Jón Jóhannsson slökkviliðsstjóri

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Þór Bragason, F.h. formanns

**Dagskrá:**

**1. Samgöngustofa - Umsögn um staðsetningu á ökutækjaleigu - 1606003**

Erindi frá Samgöngustofu - Samgöngustofa óskar eftir umsögn, samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 65/2015 um ökutækjaleigur, vegna umsóknar Kristínar Ingibjargar Lárusdóttur fyrir hönd Wave veitinga og viðburða ehf. Hjólhýsaleigu Blönduósi kt.450614-0330, um að reka ökutækjaleigu að Húnabraut 21, 540 Blönduós.

*Nefndin samþykkir fyrirhugaða staðsetningu á Húnabraut 21 fyrir sitt leyti, enda sé eignarhald og afnotaréttur fyrir hendi.*

**2. Ægisbraut 4 - Umsókn um byggingarleyfi til endurbóta eftir bruna. - 1606004**

Erindi frá SAH afurðum ehf. Umsókn um byggingarleyfi til að fara í endurbætur á bragga á Ægisbraut 4 sem skemmdist í bruna fyrr á þessu ári. Ekki eru áætlaðar neinar breytingar á burðarvirki. Hins vegar óska SAH afurðir ehf. eftir að loka hurðaropi er snýr í suður í átt að Rarik. Með umsókninni fylgir mynd sem sýnir núverandi ástand braggans.

*Nefndin samþykkir byggingaráformin og að akstursdyrum á suðurgafli verði lokað en göngudyr verði áfram sem flóttaleið.*

**3. Lögmannsstofan ehf - erindi vegna lóðarleigusamnings - 1604029**

Erindi frá SAH Afurðum ehf. - Skv bréfi sem Lögmannsstofan ehf fékk frá Blönduós bær þann 11.05.2016 vegna erindi nr. 1604029 kemur fram að nefndin leggi áherslu á að ljúka lóðarsamningi vegna Ennisbrautar 1 í samræmi við fyrri bókun.

SAH Afurðir ehf óskar eftir að fá að hafa skipulag lóðar eins og það er í dag þar sem ekki er verið að fara í þær breytingar sem voru fyrirhugaðar er sótt var um breytingu á lóðarsamningi vegna Ennisbrautar.

*Nefndin leggur til að skoða málið með lóðarhafa með tilliti til öryggissjónarmiða vegna*



*umferðar í tengslum við starfssemina.*

#### 4. **Æfinga- og keppnissvæði Skotfélagsins Markviss - Breyting á aðalskipulagi. - 1510002**

Á 18. fundi nefndarinnar þann 6. apríl sl. var samþykkt skipulagslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Blönduós bæjar 201-2022 vegna skotæfingasvæðis. Skipulagslýsingin var send umsagnaradílum, kynnt á heimasíðu Blönduós bæjar og auglýst í fjölmiðlum í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

10 umsagnir hafa borist og fylgja þær með fundarboðinu.

*Nefndin samþykkir að fela Landmótun um að vinna áfram að breytingu á aðalskipulagi svæðisins og að leitað verði leiða til að mæta kröfum vegna hljóðvistar.*

#### 5. **Samþykktir um umferðar- auglýsingaskilti - 1502012**

Agreiðslu frestað á 19. fundi nefndarinnar.

*Nefnin samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að staðfesta tillögu að samþykkt um staðsetningu og útlit auglýsingaskilta í Blönduós bæ.*

#### 6. **Ljósleiðari - Umsókn um framkvæmdaleyfi - 1606006**

Erindi frá Húnavatnshreppi, umsókn um framkvæmdaleyfi til lagningar ljósleiðara. Eins og sjá má á meðfylgjandi gögnum er ljósleiðarinn lagður í rör sem nú þegar liggja frá bæjarmörkum að símsstöð við Húnabraut 15. Húnavatnshreppur mun leggja ljósleiðara í þrem leiðum sem byrja allar við símsstöðina. Á þessum lagnaleiðum verður lagður ljósleiðari á þau heimili sem standa utan þéttbýlis á Blönduósi, eftir nánara samkomulagi við Blönduós bæ. Þeir staðir sem eru innan sveitarfélagsmarka Blönduós og þeim verður boðið að tengist ljósleiðarakerfi Húnanets ehf. eru eftirfarandi:

Á lagnaleið 1: Kleifar og Hnjúkahlíð

Á lagnaleið 2: Flugskýli

Á lagnaleið 3: Breiðavað, Fremstagil, Holtastaðir, Geitaskarð, Hvammur, Fagranes, Móberg og Skriðuland.

*Nefndin samþykkir að gefið verði út framkvæmdaleyfi fyrir stofnlögnum ljósleiðara frá símsstöðinni á Húnabraut 15 að sveitarfélagamörkum enda liggi fyrir samkomulag um framkvæmdina á milli sveitarfélaganna áður en framkvæmdir hefjast.*

#### 7. **Þvottastöð Ístex - Fyrirspurn um mögulega viðbyggingu - 1606007**

Fyrirspurn frá Ístex um mögulega viðbyggingu við Efstubraut 2 á Blönduósi. Hafin er viðamikil endurnýjum á vélakosti í þvottastöð Ístex á Blönduósi og var nýr afkastamikill þurrkari tekinn í notkun í vetur. Í haust munum við fá nýja ballapressu og í framhaldi af því viljum við bæta við fleiri vélum með aukna starfsemi í huga. Áður en ráðist er í hönnunavinnu væri gott að fá frá ykkur svör hvort hægt sé að fá byggingarleyfi fyrir ca. 300 m<sup>2</sup>. skemmu við norðausturgafli verksmiðjunnar. Meðfylgjandi er gömul loftmynd af svæðinu og er ég búinn að setja hugsanlega viðbyggingu inn á hana. Auk þess er ónákvæmt layout af verksmiðjunni með viðbyggingu.

*Nefndin tekur jákvætt í erindið, en til að það verði tekið til afgreiðslu þarf umsókn að berast frá lóðarhafa með fullnægjandi gögnum til grenndarkynningar.*

#### 8. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 11 - 1605004F**

Fundargerð lögð fram til kynningar.



**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:45**

---

Valgarður Hilmarsson

---

Brynja Birgisdóttir

---

Jakob Jónsson

---

Guðmundur Sigurjónsson

---

Oddný María Gunnarsdóttir

---

Bjarni Þór Einarsson

---

Ágúst Þór Bragason

---